

Reykjavík
Helena Stefánsdóttir
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Garðabær, 31. október 2025
202510-0047/Á.G.
08.06

Efni: Umsögn – Lýsing - HverfisSKIPULAG - Grundarhverfi og nágrenni - Reykjavík.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Reykjavík er barst 9. október 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um lýsingu að hverfisSKIPULAGI Grundarhverfis og nágrenni , í Reykjavík.

Í greinargerð kemur fram að um nýtt hverfisSKIPULAG fyrir Grundarhverfi og nágrenni er að ræða. Skipulagssvæðið afmarkast í stórum dráttum af Vesturlandsvegi til austurs, strandlengjunni til suðurs, til vesturs af línu sem dregin er vestan svokallaðs Hofshverfis frá hafi til Arnarholts og til norðurs af línu sem dregin er frá Vesturlandsvegi rétt norðan gatnamóta Brautarholtsvegar að lóðamörkum Arnarholts. Markmið hverfisSKIPULAGS er að móta stefnu um framtíðarþróun og uppbyggingu á svæðinu með það fyrir augum að auka sjálfbærni hverfisins. Stefnt er að því að auka gæði núverandi byggðar, innleiða vistvænar og sjálfbærar lausnir og standa vörð um staðaranda og sérstöðu Grundarhverfis innan Reykjavíkur.

Vistgerðir

Svæðið er stórt og Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar¹ eru innan skipulagssvæðisins margar vistgerðir, þar af sumar sem njóta verndar eins og vistgerðirnar; Snarrótarvist L9.4, Língresis- og vingulsvist L9.6 og Starangsmýravist L8.9. Allar þrjár eru gras- og mýrlendi sem er meðalrík til ríkuleg af fjölbreyttu fuglalífi. Algengustu varptegendurnar eru: þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), lóupræll (*Calidris alpina*), stelkur (*Tringa totanus*), spói (*Numenius phaeopus*) og jaðrakan (*Limosa limosa*). Vistgerðirnar hafa allar hátt eða mjög hátt verndgildi og eru á á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. ² Að auki má nefna Stinnastaravist L9.1 sem er smáþýft og þurrt graslendi. Miðlungs ríkt fuglalíf með algengustu varpfuglana; spói, þúfutittlingur, hrossagaukur, lóupræll og heiðlóa (*Pluvialis apricaria*). Vistgerðin nýtur miðlungs verndar en er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.³

Að endingu ber að nefna leirurnar F2.3 sem eru innan skipulagssvæðisins. Þær eru ein gerð setfjara og þær samanstanda af fínkornóttu seti, eða blöndu af misgrófum sandi og eðju. Leirur eru meðal mikilvægustu fæðusvæða vaðfugla hér á landi. Vistgerðin er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir

¹ <https://vistgerdakort.ni.is/>

² <https://www.natt.is/is/grodur/vistgerdir/land/snarrotarvist>,
<https://www.natt.is/is/grodur/vistgerdir/land/lingresis-og-vingulsvist>,
<https://www.natt.is/is/grodur/vistgerdir/land/starangsmyravist>

³ <https://www.natt.is/is/grodur/vistgerdir/land/stinnastaravist>

vistgerðir sem þarfnast verndar.⁴ Náttúruverndarstofnun vekur athygli á að skv. 61.gr laga nr. 60/2013 njóta leirur sérstakrar verndar og forðast ber að raska þeim nema að brýna nauðsyn ber til. Náttúruverndarstofnun leggur því til að leirunum verði hlíft við fyrirhugaða skipulagsvinnu á svæðinu en að öðrum kosti rökstyðji röskun þeirra mjög vel sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Hafa skal það í huga varðandi vistgerðarkortlagningar að viðmiðunarmælikvarði er 1:25.000, þannig ekki er alveg öruggt að þessar vistir finnist innan marka skipulagssvæðisins.

Þar sem að sveitarfélagið telur að það sé ekki alveg öruggt að þessar vistgerðir finnist innan marka svæðisins bendir Náttúruverndarstofnun á þann möguleika að svæðið verði kortlagt og greint með meiri nákvæmni m.t.t. til vistgerða. Einnig vill stofnunin minna á að í kafla 4 skipulagsreglugerðar segir að ef óvissa er um áhrif á umhverfið, eða mat á áhrifum kallar á frekari rannsóknir og nánari athugun á síðari stigum, svo sem við gerð deiliskipulags og/eða mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, skal gerð grein fyrir því í aðalskipulagstillögunni.

Fuglalíf

Þar sem vistgerðir innan skipulagssvæðisins teljast til mikilvægra bú- og varpsvæða mikilvægara fuglategunda bendir Náttúruverndarstofnun á því að skipulagshugmyndir innan svæðisins verði mótaðar með það í huga. Í því sambandi bendir Náttúruverndarstofnun á að Náttúrufræðistofnun uppfærði valista fyrir stöðu fuglategunda árið 2025², en síðasti valisti hafði verið birtur árið 2018. Mófuglar hafa átt undir högg að sækja síðustu ár og voru flestar tegundir þeirra færðar um einn eða tvo flokka í nýrri uppfærslu valista. Heiðlóa, spói og lóupræll færðust um tvo flokka, úr því að vera metnar ekki í hættu árið 2018 yfir í að vera metnar í nokkurri hættu árið 2025. Helsta hættan sem steðjar að þeim er búsvæðaeysing, en á síðustu 10-15 árum hafa stofnar þessara tegunda minnkað um allt að 30-40%. Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á þessum tegundum sökum þess hve stór hluti Evrópustofnanna verpur hér á landi. Því er nauðsynlegt að athuga stöðu þessara tegunda á framkvæmdasvæðum sem eru algeng búsvæði þeirra.

Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að settar verði fram leiðir í áframhaldandi skipulagsvinnu á svæðinu hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna. Það er í anda nýrrar stefnu stjórnvalda þar sem gert er ráð fyrir að líffræðileg fjölbreytni verði samþætt í skipulag og ákvarðanatöku sveitarfélaga með virku tilliti til vistkerfa. Með því að standa vörð um búsvæði mófugla sýna sveitarfélög ákveðna framtíðarsýn og ábyrgð gagnvart náttúru og samfélagi.

⁴ <https://www.natt.is/is/grodur/vistgerdir/fjara/leirur>

Landslag og ásýnd

Náttúruverndarstofnun bendir á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd kemur fram að við hönnun mannvirkja, svo sem vega, virkjana og annarra framkvæmda, skuli þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna skal tekið afstöðu til þessa atriðis. Sérstaklega er mikilvægt að huga að huga að vali á staðsetningu og legu mannvirkja, útfærslu í stærð og formi, frágangi að loknum framkvæmdum og litavali sem lykilþætti í aðlögun mannvirkja að umhverfi sínu. Auk þess er mikilvægt að mannvirki samrýmist jarðmyndunum, gróðri og ásýnd svæðisins.

Fornminjar

Fornleifaskráning var framkvæmd á svæðinu árið 2019 og fundust margar fornminjar á skipulagssvæðinu. Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að hafa gott samráð við Minjastofnun varðandi útfærslu skipulagsins.

Virðingarfyllt,

Ármann Guðmundsson

sérfræðingur

Axel Benediktsson

teymisstjóri